

17. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

8. janúar 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marínó Örn Ólafsson (MÖÓ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj. ásamt Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) og Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) í gegnum Skype.

Forföll boðuðu: Sara Sigurðardóttir (SS) og Una Hildardóttir (UH).

Fundur settur 18:20

Dagskrá:

- Fundargerð 16. stjórnarfundar** var samþykkt.
- Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - Undirskrift samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur orðið fyrir töfum.
 - Báðir fulltrúar sem TI tilnefndi í stjórn Æskulýðssjóðs náðu kjöri. Stjórn LUF fagnar því að koma ungu fólki að í ákvarðanatöku.
 - TI vakti athygli á því að Æskulýðsráð þurfi að koma með tillögur að breytingum á áherslum sjóðsins fyrir miðjan janúar.
 - Fjallað var um fund TI og Hildar Björgvinsdóttur frkvstj. SÍF með starfshópi Reykjavíkurborgar um aukna kjörsókn ungs fólks og innflytjenda.
- RSK málið:** Svar átti að berast fyrir jólin 2017 en engin hafa borist enn. SHB var falið að reka á eftir svari.
- Framtíð LSÍ:** Öll gögn hafa verið send á Evrópuráðið og fjallað var um næstu skref.
- Frumvarp til laga um lækkun kosningaaldurs** barst LUF til umsagnar. TI var falið að útbúa drög og senda á stjórn fyrir 15. janúar.
- Verkfærakista ungmennafélaga:** Æskulýðssjóður samþykkti að veita 500.000 kr. til verkefnisins. TI var falið að óska eftir fundi með Frumkvæði og koma með tillögur fyrir 18. stjórnarfund.
- Stefnumótunverkefnið „Youth-led Youth Policy“** hlaut að hámarki 6.570 Evrur frá Ungmennaáætlun Erasmus+. TI sækir verkefnastjórnunar og verkefnaskilafund 18. janúar hjá Rannís þar sem samningurinn verður undirritaður. Stefnuótunarfundurinn fer fram samhliða 4. Fulltrúaráðsfundi 25. janúar. TI var falið að útbúa lista yfir Þátttakendur, drög að fundarboði og skipulagsplan.
- Undirbúningur fyrir Sambandsþing:** TI falið að útbúa lista yfir möguleg umsóknarfélög og auglýsingu eftir framboðum í stjórn fyrir 18. stjórnarfund.
- Alþjóðamál: „Agenda 2030 Up North“** verður haldinn á Laugarvatni dagana 15. - 17. Mars. Boð um þátttöku hefur verið sent á Norðurlanda og Eistrasaltsríkjasamstarfið.
- Næsti stjórnarfundur:** Mánudaginn 22. janúar kl. 18.
- Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:32.

TI ritaði fundargerð.